

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Sundabakki 2 og 4.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 29. október 2015, breytingu á deiliskipulagi Vatnagarða vegna lóðanna Sundabakka 2 og 4. Í breytingunni felst sameining lóða. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Alþingisreitur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 19. ágúst 2016, breytingu á deiliskipulagi Alþingisreits. Í breytingunni felst að hækka tengibyggingu milli Kirkjustrætis 8b og 10 um eina hæð og fækka bílastæðum á lóð. Einnig fjallar deiliskipulagstillaga um fornminjar, um varðveislu þeirra og aðgengi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Laugavegur 95-99.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 1. júlí 2016, breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.1 vegna lóðarinnar nr. 95-99 við Laugaveg. Í breytingum felst m.a. að á lóðinni verði heimil verslunar- og þjónustustarfsemi þ.m.t. almenn skrifstofustarfsemi og hótelpjónusta fyrir gististað í flokki V, á efri hæðum verði starfsemi gististaðar, skrifstofur eða íbúðir, heildarskilmálar eru settir fyrir lóðina auk þess að B og C rýmum er bætt inn í heildarflatarmál, fullnýta gildandi deiliskipulagsheimildir við Laugaveg auk þess verður heimilt að stækka 4. hæð yfir bakbyggingu við Laugaveg allt að 1,5 metra frá útvegg. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 3. október 2016.

Björn Axelsson.